

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o.fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:

	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	4 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 000

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	4 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 000

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn	7 500
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 000

4. gr.

Önnur gjöld eru:

a) Innritun í vörumerkjaskrá	800
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	500
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athuginin nær til	500
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969	800

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 17 000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. grein skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld, skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð. Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 520, 17. desember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F.h.r.

Páli Flygenring.

Gunnar Guttormsson.